

## REGLUGERÐ

### um fjárhæðir greiðslna í sorgarleyfi og greiðslu sorgarstyrks.

#### 1. gr.

Fjárhæðir greiðslna í sorgarleyfi samkvæmt lögum nr. 77/2022, um sorgarleyfi, skulu vera sem hér segir til foreldra í sorgarleyfi eftir 1. apríl 2024 sem verða fyrir barnsmissi frá og með 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2023:

- Hámarksgreiðsla skv. 1. mgr. 16. gr. laganna skal nema 700.000 kr. á mánuði.
- Lágmarksgreiðsla skv. 1. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna skal nema 152.025 kr. á mánuði.
- Lágmarksgreiðsla skv. 2. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna skal nema 210.695 kr. á mánuði.

#### 2. gr.

Fjárhæðir sorgarstyrks samkvæmt lögum nr. 77/2022, um sorgarleyfi, skulu vera sem hér segir til foreldra sem verða fyrir barnsmissi frá og með 1. janúar 2023 til og með 31. desember 2023:

- Sorgarstyrkur skv. 1. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna skal nema 91.937 kr. á mánuði.
- Sorgarstyrkur skv. 2. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna skal nema 210.695 kr. á mánuði.

#### 3. gr.

Fjárhæðir greiðslna í sorgarleyfi samkvæmt lögum nr. 77/2022, um sorgarleyfi, skulu vera sem hér segir til foreldra í sorgarleyfi eftir 1. apríl 2024 sem verða fyrir barnsmissi frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2024:

- Hámarksgreiðsla skv. 1. mgr. 16. gr. laganna skal nema 700.000 kr. á mánuði.
- Lágmarksgreiðsla skv. 1. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna skal nema 160.538 kr. á mánuði.
- Lágmarksgreiðsla skv. 2. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna skal nema 222.494 kr. á mánuði.

#### 4. gr.

Fjárhæðir sorgarstyrks samkvæmt lögum nr. 77/2022, um sorgarleyfi, skulu vera sem hér segir til foreldra sem verða fyrir barnsmissi frá og með 1. janúar 2024 til og með 31. desember 2024:

- Sorgarstyrkur skv. 1. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna skal nema 97.085 kr. á mánuði.
- Sorgarstyrkur skv. 2. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna skal nema 222.494 kr. á mánuði.

#### 5. gr.

Fjárhæðir greiðslna í sorgarleyfi samkvæmt lögum nr. 77/2022, um sorgarleyfi, skulu vera sem hér segir til foreldra sem verða fyrir barnsmissi frá og með 1. janúar 2025 til og með 31. desember 2025:

- Hámarksgreiðsla skv. 1. mgr. 16. gr. laganna skal nema 800.000 kr. á mánuði.
- Lágmarksgreiðsla skv. 1. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna skal nema 167.441 kr. á mánuði.
- Lágmarksgreiðsla skv. 2. másl. 3. mgr. 16. gr. laganna skal nema 232.061 kr. á mánuði.

#### 6. gr.

Fjárhæðir sorgarstyrks samkvæmt lögum nr. 77/2022, um sorgarleyfi, skulu vera sem hér segir til foreldra sem verða fyrir barnsmissi frá og með 1. janúar 2025 til og með 31. desember 2025:

- Sorgarstyrkur skv. 1. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna skal nema 101.260 kr. á mánuði.
- Sorgarstyrkur skv. 2. másl. 1. mgr. 25. gr. laganna skal nema 232.061 kr. á mánuði.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 3. mgr. 33. gr. laga nr. 77/2022, um sorgarleyfi, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1466/2023 um fjárhæðir greiðslna í sorgarleyfi og greiðslu sorgarstyrks.

*Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 27. nóvember 2024.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Bjarnheiður Gautadóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 10. desember 2024